

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/480**

2021/EES/37/02

frá 4. desember 2017

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (1), einkum 9. gr. (3. mgr.), 18. gr. (7. mgr.), 21. gr. (3. mgr.) og 26 gr. (2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að tryggja sameiginlega nálgun á beitingu reglugerðar (ESB) 2015/760 er nauðsynlegt að setja ákvæði sem tilgreina viðmið um þær aðstæður þar sem fjármálaafleiður þjóna eingöngu þeim tilgangi að vera vörn gegn áhættu, aðstæður þar sem líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst nógu langur, viðmiðanir sem nota skal fyrir tiltekna þætti í sundurliðaðri áætlun fyrir skipulega ráðstöfun eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og aðstöðuna sem almennum fjárfestum stendur til boða.
- 2) Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að auðvelda ítarlega yfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim, er æskilegt að fella alla tæknilegu eftirlitsstaðlana undir eina reglugerð.
- 3) Að því er varðar aðstæðurnar þar sem notkun fjármálaafleiðugerninga hefur þann eina tilgang að verja gegn áhættu sem innbyggð er í fjárfestingar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, er nauðsynlegt að taka tillit til fjármálaafleiðugerninga sem hafa undirliggjandi eignir sem samsvara þeim eignum sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur fjárfest í og sem hafa áhættuskuldbindingar sem fyrirhugað er að áhættuverja, sem og viðskipta með eignir sem tengjast sama eignaflokki, þótt þær séu ekki þær sömu og evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur fjárfest í. Þetta á einkum við þegar fjármálaafleiðugerningur til að áhættuverja áhættuskuldbindingu gagnvart tilteknum lið, er ekki tiltækur sem sérstök gerð afleiðu heldur aðeins sem einn af liðunum sem innifaldir eru í vísitölunni sem er undirliggjandi í fjármálaafleiðugerningnum. Auk þess gæti notkun fjármálaafleiðugerninga í sumum tilvikum aðeins talist áhættuvarnaráætlun ef henni er fylgt í tengslum við viðskipti með ákveðnar eignir en þá ætti sú tegund áætlunar ekki að vera bönnuð. Til að tryggja að notkun fjármálaafleiðugerninga hafi þann eina tilgang að verja gegn áhættu sem innbyggð er í fjárfestingar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ætti rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fjármálaafleiðugerningarnir séu notaðir á skilvirkan hátt til að draga úr viðeigandi áhættu á stigi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og séu einnig skilvirkir við erfiðar markaðsaðstæður. Það ætti að vera hægt að sannreyna að dregið hafi úr áhættu með því að nota fullnægjandi áhættustýringarkerfi sem greina áhættuna sem ætlað er að milda og hvernig afleiðan myndi milda slíka áhættu.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98.

- 4) Við aðstæður þar sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður fjárfestir í eignum með mismunandi binditímastig ætti að ákveða líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs með tilvísun til þeirra einstöku eigna innan eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem hafa lengsta fjárfestingartímabilið með hliðsjón af seljanleika þeirrar eignar.
- 5) Í matinu á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur, sem felast skal í áætlun um skipulega ráðstöfun eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, ætti að taka tillit til markaðsáhættu, þ.m.t. hvort hugsanlegir kaupendur séu venjulega háðir því að fá lán frá þriðju aðilum, hvort hætta sé á illseljanleika eignanna fyrir sölu, hvort fyrir hendi sé áhætta í tengslum við lagabreytingar, svo sem skattaumbætur eða stjórnálaglegar breytingar og hvort hætta sé á versnandi efnahagsástandi á markaðinum sem skiptir máli fyrir eignir evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Samkvæmt þessari reglugerð ætti ekki að krefjast sérstaks mats á þessari áhættu að því er varðar aðrar eignir en hæfar fjárfestingareignir þar sem eignir sem um getur í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins <sup>(1)</sup> 2009/65/EB eiga að vera seljanlegar í eðli sínu.
- 6) Verðmatið á eignunum, sem felast skal í áætluninni um skipulega ráðstöfun eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, ætti að fara fram nægilega skömmu áður en ráðstöfun eignanna hefst. Ef evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur framkvæmt verðmat í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins <sup>(2)</sup> 2011/61/ESB með nægilega skömmum fyrirvara áður en ráðstöfun eignanna hefst ætti þó ekki að þurfa annað mat. Undirbúningur áætlunarinnar um skipulega ráðstöfun eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins ætti samt sem áður að hefjast um leið og viðeigandi er og vel áður en upplýsa þarf lögbært yfirvald evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins um hana.
- 7) Aðstaðan sem standa skal almennum fjárfestum til boða í hverju aðildarríki þar sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins stundar markaðssetningu, skal veitt í eigin persónu, í síma eða rafrænt af hálfu eins eða fleiri aðila, sem getur verið rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eða annar aðili sem lýtur reglugerð um verkefnið sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins felur honum.
- 8) Til að komast hjá allri mögulegri markaðsröskun er nauðsynlegt að gefa evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, sem fengu starfsleyfi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, rekstraraðilum þeirra og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að laga sig að kröfunum í þessari reglugerð.
- 9) Ákvæðin um nægilegan líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ættu aðeins gilda um evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem leggja fram umsókn um starfsleyfi eftir að þessi reglugerð gengur í gildi þar sem, í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/760, líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs verður að vera ákveðinn áður en umsókn um starfsleyfi sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er lögð fram hjá lögbæru yfirvaldi hans.
- 10) Til að gera lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760 áður en þessi reglugerð gengur í gildi, kleift að laga sig að nýju kröfunum sem fram koma í þessari reglugerð, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda einu ári eftir að hún öðlast gildi. Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760 áður en þessi reglugerð gengur í gildi ættu að teljast uppfylla kröfuna um nægilegan líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins í þessari reglugerð.
- 11) Reglugerð þessi byggist á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 32).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Afleiður til áhættuvarna**

1. Aðstæðurnar þegar notkun fjármálaafleiðugerninga telst eingöngu þjóna þeim tilgangi að vera áhættuvörn gegn áhættu sem er innbyggð í fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, eru fyrir hendi þegar þær uppfylla allar viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Aðeins skal nota fjármálaafleiðugerning til að verja gegn áhættu sem leiðir af áhættuskuldbindingum gagnvart eignum sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760.

Tilganginum með að verja áhættuna, sem leiðir af áhættuskuldbindingum gagnvart eignum sem um getur í fyrstu undirgrein, telst aðeins náð ef notkun þess fjármálaafleiðugernings veldur því að sú áhætta hjá evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum dregst saman á sannreynanlegan hátt sem hægt er að mæla hlutlægt.

Ef fjármálaafleiðugerningar til að verja áhættu sem leiðir af áhættuskuldbindingunni gagnvart eignum, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru ekki fyrir hendi, má nota fjármálaafleiðugerninga sem hafa undirliggjandi eignir í sama eignaflokki.

3. Notkun fjármálaafleiðugerninga sem miðar að því að skila ávöxtun til evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins telst ekki þjóna þeim tilgangi að verja gegn áhættu.

4. Rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fjármálaafleiðugerningarnir, sem notaðir eru til að verja áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, dragi úr áhættu á stigi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins í samræmi við 2. mgr. einnig við erfiðar markaðsaðstæður.

*2. gr.*

**Nægilegur líftími evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins**

Að því er varðar 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skal líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs teljast nægilega langur til að taka til lífsferils sérhverrar einstakrar eignar sjóðsins ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn samræmir lokadagsetningu líftíma síns við lokadagsetningu fjárfestingartímabils þeirrar stöku eignar innan eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem hefur lengsta fjárfestingartímabilið á þeim tíma þegar umsókn um starfsleyfi sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er lögð fyrir lögbært yfirvald,

b) aldrei er lengra eftir af fjárfestingartímabili fjárfestingar, sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn ræðst í eftir að hann öðlast starfsleyfi sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður, en af líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins á þeim tíma þegar ráðist er í fjárfestinguna.

*3. gr.*

**Viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur**

Að því er varðar a-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs meta alla eftirfarandi þætti í tengslum við hverja eign sem sjóðurinn fjárfestir í:

a) hvort einn eða fleiri hugsanlegir kaupendur séu á markaðnum,

b) hvort rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins vænti þess, á grundvelli mats sem gert er af tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni við lok áætlunarinnar, að hugsanlegir kaupendur séu háðir ytri fjármögnun til að kaupa viðkomandi eign,

c) ef engir hugsanlegir kaupendur eru að eign, hve langur tími er líklega nauðsynlegur til að finna einn eða fleiri kaupendur að þeirri eign,

d) hið tiltekna binditímastig eignarinnar,

- e) hvort rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins vænti þess, á grundvelli mats sem gert er af tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni við lok áætlunarinnar, að eftirfarandi áhætta verði að veruleika:
  - i. áhætta tengd lagabreytingum sem gætu haft áhrif á markaðinn fyrir hugsanlega kaupendur,
  - ii. stjórn málaáhætta sem gæti haft áhrif á markaðinn fyrir hugsanlega kaupendur,
- f) mat rekstraraðila á því hvort almenn efnahagsskilyrði á markaðnum eða mörkuðunum, sem tengjast eigninni, gætu haft neikvæð áhrif á þættina sem taldir eru upp í a- og b-lið á ráðstöfunartímabilinu.

4. gr.

#### Viðmiðanir fyrir mat á virði eignanna sem á að losna við

1. Að því er varðar c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skal mat á virði eignanna sem losa á um uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:
  - a) það skal fara fram strax og viðeigandi er og vel áður en fresturinn til að upplýsa lögbært yfirvald evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins um sundurliðaða áætlun fyrir skipulega ráðstöfun eigna sjóðsins rennur út,
  - b) því skal vera lokið eigi síðar en sex mánuðum áður en fresturinn sem um getur í a-lið rennur út.
2. Hægt er að taka tillit til mats á virði sem gert er í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2011/61/ESB ef matinu var lokið eigi síðar en sex mánuðum áður en fresturinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar rann út.

5. gr.

#### Skilgreining á aðstöðunni sem standa skal almennum fjárfestum til boða

1. Að því er varðar 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs koma á aðstöðu til að framkvæma eftirfarandi verkefni:
  - a) afgreiða fyrirmæli almennra fjárfesta um áskrift, greiðslu, endurkaup og innlausn í tengslum við hlutdeildarskríteini eða hlutabréf evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins í samræmi við skilyrðin sem sett eru í markaðsefni evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,
  - b) veita almennum fjárfestum upplýsingar um hvernig hægt er að gefa fyrirmæli sem um getur í a-lið og hvernig ágóði af endurkaupum og innlausn er greiddur,
  - c) auðvelda meðferð upplýsinga í tengslum við nýtingu almennra fjárfesta á rétti sínum sem leiðir af fjárfestingu í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem sjóðurinn er markaðssettur,
  - d) gera eftirfarandi gögn aðgengileg almennum fjárfestum til skoðunar og til að fá afrit:
    - i. sjóðsreglur eða stofnsamningar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,
    - ii. nýjasta ársskýrsla evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,
  - e) veita fjárfestum upplýsingar sem skipta máli fyrir verkefni sem þeir sinna á varanlegum miðli eins og hann er skilgreindur í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB.
2. Rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal tryggja að aðstaðan sem um getur í 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 hafi eftirfarandi tæknilega innviði:
  - a) að þar sé verkefnum sinnt á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn er markaðssettur,
  - b) að þar sé verkefnum sinnt í eigin persónu, í síma eða rafrænt.
3. Rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal tryggja að aðstaðan, sem um getur í 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, sé af eftirfarandi gerðum og hafi eftirfarandi einkenni:
  - a) sé veitt af einni eða fleiri einingum sem eru annaðhvort rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eða þriðji aðili sem lýtur reglum um verkefnið sem framkvæma skal,

- b) ef aðstaðan er veitt af þriðja aðila fái hann allar viðeigandi upplýsingar og skjöl frá rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,
- c) ef aðstaðan er veitt af þriðja aðila sé tilnefning hans staðfest með skriflegum samningi. Skriflegi samningurinn skal tilgreina hver af verkefnum sem um getur í 1. mgr. séu ekki framkvæmd af rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

6. gr.

#### **Umbreytingarákvæði**

Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður sem hefur fengið starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760 áður en þessi reglugerð tekur gildi skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. gr. þessarar reglugerðar.

Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður sem hefur fengið starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760 áður en þessi reglugerð tekur gildi skal beita 1., 3., 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar frá 1. maí 2019.

7. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---